





Leikskólinn Reykjakot

Námskrá



Efnisyfirlit

Um skólann	2
Námskráin og starfsáætlun	2
Gildi	2
Fjórir megin námsþættir	3
Leikur að læra	3
Heilsueflandi leikskóli	3
Hreyfing	3
Mataræði	4
Geðrækt	4
Tannheilsa	4
Öryggi	4
Fjölskylda	5
Nærsamfélag	5
Útivera og umhverfismennt	5
Snemmtæk íhlutun	5
Grunnþættir menntunar	6
Læsi	6
Sjálfbærni	6
Lýðræði og mannréttindi	7
Jafnrétti	7
Heilbrigði og velferð	7
Sköpun	8
Námsumhverfi	8
Stoðþjónusta	8
Mat á skólastarfinu	8
Fjölskyldan og leikskólinn	9
Kynning á leikskólanum og dagleg samskipti	9
Karellen	9
Foreldraviðtöl	9
Foreldraráð	9
Foreldrafélag	9



Um skólann

Leikskólinn Reykjakot tók til starfa 25. febrúar 1994 og byggir starfshætti sína á Aðalnámskrá leikskóla (2011), skólastefnu Mosfellsbæjar (2002) og námskrá Reykjakots.

Leikskólinn er 4 deildir og starfar í 2 húsum. Tvær yngri deildirnar eru í Litla Koti, Guli og Græni kjarni og tvær eldri í Stóra Koti, Rauði og Blái kjarni. Skólinn er staðsettur við Krókabyggð 2 í Mosfellsbæ.

Leikskólinn Reykjakot leggur áherslu á markvissa og faglega kennslu í gegnum hreyfingu, leik og skynjun en hugmyndafræði skólans byggir á kennsluáferðinni “Leikur að læra” þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði, bókstafa- og hljóða-,lita og formkennslu er höfð að leiðarljósi. Reykjakot starfar sem heilsueflandi leikskóli á vegum Embætti landlæknis og leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Útivera er mikilvægur þáttur í þroska hvers barns og njótum við góðs af stórkostlegri og ósnortinni náttúru Mosfellsbæjar sem við nýtum mikið í starfi okkar utan leikskólalóðar.

Námskráin og starfsáætlun



Námskrá Reykjakots byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla. Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir fyrir mennta- og uppeldisstörf á fyrsta skólastiginu. Á grunni hennar mótar hver leikskóli sína eigin skólanámskrá sem fjallar um þau gildi og þá hugmyndafræði sem starf viðkomandi leikskóla byggir á. Í skólanámskránni koma fram helstu áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra/ forráðamenn og nærsamfélagið. Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í samskiptum, umönnun, leik og skapandi starfi þar sem hverju barni er mætt þar sem það er stítt í námi og þroska. Uppeldi og menntun leikskólabarna er jafnframt samvinnuverkefni allra starfsmanna í leikskólanum þar sem velferð og hagur barnanna er hafður að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að annast börnin bæði líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Starfsáætlun skólans er gefin út í byrjun skólaársins. Þar koma fram helstu viðburðir í hverjum mánuði fyrir sig. Hver deild/kjarni skipuleggur svo nánar sitt starf og kynnir það fyrir foreldrum.

Gildi

Gildi leikskólans Reykjakots eru virðing-jákvæðni-framsækni-umhyggja. Þessi gildi eru jafnframt gildi Mosfellsbæjar og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Mikilvægt er að viðhalda gildunum með því að gera þau sýnileg í verki, því aðeins þannig efla þau starfið og í samvinnu er sköpuð menning þar sem öllum líður vel; börnum, starfsfólki og foreldrum. Gildin eru skýr, merkingarfull og eðlileg þannig að starfsfólk á auðvelt með að tileinka sér þau. Gildin leggja línurnar, styðja við áherslur skólans og auðvelda starfsmönnum að ganga í takt til þess að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér.

Fjórir megin námsþættir

Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluáferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt!



Leikur að læra er hugsað út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Með því að nota kennsluáferðina eykst úthald og einbeiting ungra nemenda. Auðvelt að aðlaga kennsluna að ólíkum þörfum einstaklinga með líkamlega og andlega og félagslega vellíðan barna að leiðarljósi.

Leikur að læra byggir meðan annars á rannsóknum Bransford, Brown og Cocking á heilastarfsemi barna um líffræðileg áhrif náms og hreyfingar. Hreyfing mannum eðlislæg og öll skynhreyfireynsla eykur varðveislu þekkingar. Hreyfing hefur einnig áhrif á hæfileika til að varðveita nýja þekkingu eða kunnáttu og endurkalla hana. Einhæf og fljótlærð viðfangsefni virðast hafa lítil langtímaáhrif á meðan reynsla sem af skynjuninni hlýst, í samvinnu við umhverfið, hjálpar heilanum að mynda ný taugamót. Frá þeim myndast nýjar brautir um heilann sem ná að virkja óvirkar stöðvar sem þar eru til staðar (Bransford, Brown og Cocking, 2000).

Leikur að læra leggur mikið upp úr góðu samstarfi við foreldra í gegnum foreldraverkefni, heimavinnu, bekkjarkvöld og fleira. Þessir þættir stuðla að því að gera foreldra meðvitaða um nám barna sinna og mikilvægi góðrar samvinnu milli heimili og skóla.

Heilsueflandi leikskóli

Heilsueflandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans.


Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk

Hreyfing

Fjölbreytt hreyfing við hæfi stuðlar að betri líkamshreysti og aukinni hreyfifærni. Hún er einnig sameiginlegur leikur sem skapar meðal annars tækifæri til að auka félagslega færni, eignast vini og efla sjálfstraust.

Útivera sem felur í sér hreyfingu er árangursrík leið til að kynna börn fyrir nánasta umhverfi sínu og gefa þeim kost á að takast á við ýmis viðfangsefni á virkan hátt.

Mikilvægt er að skapa aðstæður sem takmarka langvarandi kyrrsetu og stuðla að því að bæði börn og starfsfólk leikskóla hafi tækifæri til að fullnægja daglegri hreyfipörf sinni á öruggan og ánægjulegan hátt.





Mataræði

Maturinn í leikskólanum er í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði. Við höfum Handbók um leikskólaeldhús að leiðarljósi við matargerð á Reykjakoti. Góðar matarvenjur barna skapast af umhverfinu sem þau búa við og er mælt með að starfsfólk leggi sig fram við að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft við matarborðið.

Það er mikilvægt að bjóða upp á hollan mat en það er ekki síður mikilvægt að starfsfólk taki þátt í máltíðinni með börnunum og að samskipti og samtal um matinn byggi á jákvæðum skilaboðum um hollustu og gæði matarins.

Geðrækt

Fyrstu ár barnsins eru einhver þau mikilvægustu í lífi þess með tilliti til tilfinninga- og félagsþroska, en eðlilegur þroski barna er háður öruggum og ánægjulegum tengslum við aðra. Því er brýnt að umhverfi ungra barna einkennist af stöðugleika og hlýju og að börnin geti tengst þeim sem annast þau tilfinningaböndum.

Tannheilsa

Auka má tannheilsuvitund og bæta tannheilsu með því að kenna og koma á góðum venjum varðandi mataræði og munnhirðu bæði heima og í leikskólanum. Mikilvægt er að börnin læri að þeim líður vel með hreinar og heilbrigðar tennur. Almennar ráðleggingar mæla með tannburstun að lágmarki tvisvar á dag, eftir morgunverð og mjög vel áður en farið er að sofa á kvöldin. Foreldrar gegna lykilhlutverki í tannhirðu barna sinna en samvinna heimila og leikskóla getur stuðlað að enn betri tannheilsu barna og þar með að betri tannheilsu síðar á ævinni.




Öryggi



Markmið áverkavarna er að koma í veg fyrir að slys verði eða ofbeldi eigi sér stað og því er mikilvægt að huga að öryggi og slysavörnum í leikskólum.

Slys í leikskólum eru um 16% allra slysa á börnum 0–4 ára samkvæmt slyskrá Íslands. Til að fækka slysum er mikilvægt að öll slys séu skráð á þar til gerð skráningarblöð sem eru til í leikskólanum. Með því að hafa slíka samantekt getur starfsfólk betur sett sér markmið í fækkun slysa og unnið markvisst að því að forgangsraða slysavörnum miðað við fjölda og alvarleika slysa sem börnin verða fyrir.

Þó svo að einelti sé talið algengast á miðstigi í grunnskóla getur það líka átt sér stað eða átt rætur sínar í leikskóla. Því er mikilvægt að kenna börnum samskiptafærni, vera góð fyrirmynd og leiðbeina þeim. Eins er mikilvægt að vera vakandi fyrir einkennum um vanrækslu eða annars konar ofbeldi og bregðast við því.



Fjölskylda

Mikilvægt er að standa vel að aðlögun barns frá upphafi, því það getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Það er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þegar barn byrjar í leikskóla. Þetta er nýtt og framandi umhverfi sem þau þurfa að kynna. Í aðlögunarferlinu er mikilvægt að fjölskylda barnsins kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum en ekki síður að starfsfólkið kynnist barninu og fjölskyldu þess. Með þessu er lagður góður grunnur að framtíðinni.

Nærsamfélag

Við leggjum áherslu á að nýta náttúruna í nærumhverfi skólans. Reglulegar gönguferðir og útinám/leikur eru okkar dýrmætustu stundir í leikskólastarfi. Við erum í samstarfi við stofnanir, skóla, íþróttahús, dvalarheimili, slökkvilið og lögreglu. Saman vinna þessar stofnanir að því að móta sýn og stefnu um heilsuefningu.

Útivera og umhverfismennt

Í Reykjakoti er lögð rík áhersla á útivist, hreyfingu og að börnin læri að njóta náttúrunnar og að umgangast hana. Reykjakot er staðsett í frábæru náttúrulegu umhverfi. Stutt er í fellin umhverfis Mosfellsbæ sem bjóða upp á göngur og klifur. Berjamór á haustin, gaman að skella sér með nesti niður að Varmánni eða í Reykjalandarskóg. Heimsækja grænmetisbændur, hesta og allt það skemmtilega sem nágreinið býður upp á. Fjölbreyttar gönguleiðir eru í næsta nágreini.

Útivera er mikilvægur þáttur í þroska hvers barns og njótum við góðs af stórkostlegri og ósnortinni náttúru Mosfellsbæjar sem við nýtum mikið í starfi okkar utan leikskólalóðar. Umhverfismennt er uppeldi og fræðsla sem stuðlar að því að varðveita og bæta umhverfið og þá ekki síst náttúruna. Grundvöllur fyrir verndun náttúrunnar er að efla umhverfisvitund og forsenda þess að fólk vilji vernda náttúruna er að það kynnist henni, upplifi og njóti.



Matjurtagarðar eru á leikskólalóðinni og á vorin taka börnin þátt í að forrækta grænmeti sem er svo plantað út. Þau hjálpa einnig til við að vökva og hreinsa og njóta síðan uppskerunnar að hausti.

Snemmtæk íhlutun

Öll börn eiga rétt á því að fá kennslu við hæfi. Stundum þarf að leggja áherslu á aðgerðir sem stuðla með markvissum hætti að þroskaframvindu barna, hvort sem það er í málörvun eða örvun annarra þroskaþátta. Því fyrr sem íhlutun hefst, því meiri líkur eru á að markviss þjálfun skili árangri. Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik; skilgreina í hverju vandinn er fólgin með því að fá góðar bakgrunnsupplýsingar um barnið og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með, ásamt því að veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til þess að ná árangri. Ef röskun verður á málþroska geta börn farið að

Þróa með sér hegðunarerfiðleika vegna þess að hegðun og boðskipti eru nátengd. Þess vegna þarf að leggja áherslu á að byrja snemma að styrkja boðskiptafærni. Þegar börn vita hvernig þau geta gert sig skiljanleg og til hvers er ætlast af þeim liður þeim betur og hegðun lagast oft í samræmi við aukna færni í boðskiptum og málþroska (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir, & Sigurður Sigurjónsson, 2014)

Mikilvægt er að hafa gott samstarf við foreldra með því að fræða þá og upplýsa um stöðu barna sinna hvað varðar mál, tal og boðskipti og vísa þeim til ýmissa sérfræðinga allt eftir eðli frávíka. Vel upplýstir foreldrar gera sér betur grein fyrir mikilvægi þess að taka virkan þátt í aðferðum snemmtækra íhlutunar til þess að undirbúa barn sitt til að takast á við allt nám. Þannig er unnið enn frekar að íhlutun sem mætir þörfum allra barna hvað varðar málörvun.

Grunnþættir menntunar

Læsi

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Málrækt er rauður þráður í leikskólalastarfinu og kemur inn á allar daglegar athafnir, þar sem tungumálið er mikilvægasta tæki mannsins til samskipta. Börnin eru hvött til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Þau spyrja, segja frá og hlusta. Börn eru snemma áhugasöm um ritað mál og er lögð áhersla á að umhverfi leikskólans ýti undir og glæði þann áhuga.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.
- Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði.
- Kynnast tungumálinu og möguleikum þess.
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Þróa læsi í viðum skilningi.
- Öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu.
- Deila skoðunum sínum og hugmyndum.
- Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir



Sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Lögð er áhersla á að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta máli í nútíð og framtíð. Óspillt náttúra er allt um kring leikskólann og stutt í staði sem nýttir eru til náttúruupplifunar með börnunum. Börnunum er kennt að ganga vel um náttúruna og sýna gróðri virðingu.

Lögð er áhersla á að fara vel með efnivið skólans. Bæði bækur og öll leikföng.

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er hluti lýðræðis- og mannréttindamenntunar en hún byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun. Í fjölmenningsamfélagi nútímans er fjallað um ólíka menningarheima og þann mannauð sem er til staðar í starfsfólki skólans, börnunum og fjölskyldum þeirra.



Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda umburðarlyndis og jafnréttis. Áhersla er lögð á styrkleika og hæfni hvers og eins og litið á alla sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, menntun og umönnun eina heild þar sem börnum, foreldrum, samstarfsaðilum og starfsfólki er sýnd virðing og umhyggja.

Heilbrigði og velferð

Góð byrjun að morgni getur skipt sköpum þegar horft er á daginn í heild og því leggjum við áherslu á að taka vel og hlýlega á móti hverju barni þegar það kemur í leikskólann þannig að allir finni sig velkomna. Í lok dags er kvatt og þakkað fyrir daginn því mikilvægt er að börnin fari ánægð heim og hlakki til að koma næsta dag. Börnin læra almenna kurteisi og borðsiði á matmálistímum sem efla sjálfsvitund, félagsþroska og samvinnu þeirra á milli. Börnin taka þátt í undirbúningi og frágangi eftir því sem aldur þeirra og geta segir til um. Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi leikskólabarna, heilbrigði og vellíðan. Áhersla er lögð á að gæta hreinlætis í hvívetna ekki síst með tilliti til smíthættu. Lögð er áhersla á að styrkja hreinlætisvenjur barnanna þannig að þau geti sjálf borið ábyrgð á þeim þegar þau hafa öðlast þroska og getu til. Einn liður í uppeldi og menntun barna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum, leikföngum og leikefni sem þau hafa verið að vinna með. Börnin eru þátttakendur í að sækja sér leikföng og efnivið og það sama á við um að taka saman og ganga frá að leik loknum. Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan og heilbrigði barna og eru hreyfing og útivera samtengdir þættir. Börn hafa mikla þörf fyrir hreyfingu sem þjálfar skynfærni og eflir samhæfingu. Um leið öðlast þau styrk, þol og aukid öryggi sem eflir sjálfsvitund þeirra. Í útiveru komast börnin jafnframt í snertingu við náttúruna.



Sköpun

Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni barnsins og snýr fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, upplifun barnsins, gleðinni og tjáningunni sem á sér stað þegar hugmyndir og tilfinningar barnsins fá að njóta sín. Börn njóta myndsköpunar á eigin forsendum í leikskólanum og kynnast margskonar efnivið sem ýtir undir hugmyndaflug og örvar sköpunargleði. Efniviður úr náttúrunni og annað endurnýtanlegt efni er gjarnan nýtt til myndsköpunar og hugmyndaflugið látið njóta sín.



Tónlist, sér í lagi söngur, á sér ríka hefð í Reykjakoti. Sungið er á hverjum kjarna/deild daglega og svo er sameiginleg söngstund einu sinni í viku þar sem tónlistarkennari spilar undir á gítar. Við notum líka hljóðfæri til að æfa að vera samtaka og hve þagnir eru mikilvægar í tónlist. Taska með smáhljóðfærum fylgir hverjum kjarna.

Námsumhverfi

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi Reykjakots og börnin læra bæði úti og inni. Umhverfið þarf að vera öruggt, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi og aðlaðandi og eiga bæði börn og fullorðnir rétt á því að finna til öryggis bæði innan veggja skólans og á útileiksvæði.

Hver kjarni/deild skólans setur upp sitt dagskipulag. Dagskipulagið er ramminn utan um starfið sem fram fer í leikskólanum, úti og inni. Innan dagskipulagsins er leitast við að skapa festu sem veitir börnunum öryggi, skapa jafnvægi á milli skipulagðra stunda og frjáls leiks.

Stoðþjónusta

Við Reykjakot er starfandi sérkennslustjóri sem heldur utan um málefni barna sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf og fræðslu vegna barna ef foreldrar og/eða starfsfólk leikskóla telur þess þurfa. Leiðsögn og stuðningur tekur mið af þörfum hvers barns og er unnin í nánú samráði foreldra/forráðamenn og sérfræðinga.

Mat á skólastarfinu

Skólapúlsinn, er foreldrakönnun sem notuð er til þess að fylgjast með og bæta innra starf leikskólans. Þar eru foreldrar/forráðamenn spurðir út í ákveðna matsþætti sem hafa áhrif á skólastarfið.

Hljóm2 er athugun á hljóðkerfis- og málvitund og er lögð fyrir elstu nemendur leikskólans. Tilgangurinn með athuguninni er að greina nemendur sem hugsanlega gætu lent í lestrar erfiðleikum síðar meir svo hægt sé að vinna með niðurstöðurnar á fyrirbyggjandi hátt í leikskólanum.

TRAS greiningartæki er skráning á málþroska ungra barna sem er fyllt út tvisvar á ári af kennara fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára þar til barnið er orðið fimm ára.

Fjölskyldan og leikskólinn

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið, þar sem allt er framandi og ókunnugt og því mikilvægt að vel sé staðið að málum. Með vandaðri aðlögun er lagður hornsteinn að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi heimilis og skóla. Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynna starfsfólki, deildinni sinni og umhverfi skólans. Gagnkvæmur trúnaður á milli foreldra/forráðamanna og kennara er forsenda þess að barninu líði vel í skólanum.

Kynning á leikskólanum og dagleg samskipti

Þegar barn byrjar í aðlögun taka deildarstjórar á móti foreldrum og barni, kynna deildina sem barnið er að byrja á og svara þeim spurningum sem upp koma hverju sinni. Farið er yfir megin áherslupætti skólastarfsins. Mikilvægt er að náíð samstarf og gagnkvæmt traust ríki í samskiptum kennara og foreldra/forráðamanna. Á heimasíðu Reykjakots eru upplýsingar um skólann, starfsemina og það sem er efst á baugi hverju sinni. Foreldrar/forráðamenn fá sent fréttabréf í tölvupósti. Við hverja deild leikskólans eru upplýsingatöflur þar sem hægt er að fylgjast með starfinu frá degi til dags. Þegar foreldrar/forráðamenn koma með börn sín og sækja þau í leikskólann er mikilvægt að nýta þann tíma til daglegra samskipta eins og kostur er.

Karellen



Skólinn notar Karellen leikskólakerfið sem foreldrar þurfa að skrá sig inn í. Það gera þeir með því að fara inn á karellen.is, undir innskráning. Haka við virkja aðgang. Þar skráir foreldri netfang sitt sem það gaf upp á upplýsingablaði barns síns. Þá fær foreldri sendan tengil í tölvupósti sem það fer inn á og velur sér sitt eigið lykilorð. Þá kemst viðkomandi foreldri inn í kerfið með því að skrá notendanafn sitt sem er kt. og það lykilorð sem það bjó til sjálf. Inn í Karellen kerfinu getur foreldri skráð barn sitt veikt eða í leyfi, foreldri hefur meiri aðgang að samskiptum við kennara síns barns, skoðað myndir af sínu barni og fleira.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Foreldrar geta hvenær sem er óskað eftir viðtali við hópstjóra, kjarnastjóra eða leikskólastjóra.

Foreldraráð

Foreldraráð leikskólans er skipað þremur fulltrúum foreldra sem kosnir eru á foreldrafundi að hausti. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Reykjakots stendur fyrir nokkrum uppákomum ár hvert en þó aðallega í tengslum við jólahaldið, jólaballið og samverustund á aðventunni í Hamrahlíðaskógi.

Ný stjórn foreldrafélagsins er valin á foreldrafundi í september og er æskilegt að a.m.k. einn fulltrúi sé frá hverjum kjarna.